

## Notkunarleiðbeiningar og tæknilýsingar

### dýnur

**EffectaCare 20**

**EffectaCare 20 B**

**EffectaCare 20 P**

**PrimaCare 10**

**PrimaCare 20**

**PrimaCare 20 B**

**CliniCare 10**

**CliniCare 10 P**

**CliniCare 20**

**CliniCare 30**



D9U004PPM-0131

Útgáfa; 01

Útgáfudagur: 2021-05

**Framleiðandi:**

LINET spol. s r.o.  
Želečice 5  
274 01 Slaný

Sími: +420 312 576 111  
Fax: +420 312 522 668

Netfang: info@linet.cz  
http://www.linet.com  
Þjónustudeild: service@linetgroup.com

**dýnur**

EffectaCare 20  
EffectaCare 20 B  
EffectaCare 20 P  
PrimaCare 10  
PrimaCare 20  
PrimaCare 20 B  
CliniCare 10  
CliniCare 10 P  
CliniCare 20  
CliniCare 30

Höfundur: LINET, s.r.o.  
Tenglar: www.linet.com

**D9U004PPM-0131**

Útgáfa; 01  
Útgáfudagur: 2021-05

Höfundarréttur © LINET, s.r.o., 2021  
Þýðing © LINET, 2021  
Allur réttur áskilinn.

Öll vörumerki eru í eigu viðkomandi eigenda. Framleiðandinn áskilur sér rétt til að breyta efni notkunarleiðbeininganna hvað tækniforskriftir vörunnar varðar. Af þeim sökum er hugsanlegt að efni notkunarleiðbeininganna sé frábrugðið núverandi smíð vörunnar. Endurútgáfa er aðeins heimil að fengnu leyfi útgefanda, hið sama á við um útdrátt. Með fyrirvara um breytingar vegna tækniþróunar. Öll tæknigögn eru mæld gögn og eru háð vikmörkum við smíði og framleiðslu.

# Efnisyfirlit

<b>1 Tákni og skilgreiningar</b> .....	<b>4</b>
1.1 Viðvörunartilkynningar.....	4
1.1.1 Tegundir viðvörunartilkynninga.....	4
1.1.2 Uppsetning viðvörunartilkynninga.....	4
1.2 Leiðbeiningar.....	4
1.3 Listar.....	4
1.4 Tákni á umbúðum.....	4
1.5 Tákni og merkimiðar á dýnunni.....	5
1.6 Merkingar með raðnúmeri.....	7
1.6.1 Merking með raðnúmeri dýnu.....	7
1.6.2 Þvottamerki dýnu.....	10
1.7 Skammstafanir.....	10
1.8 Skilgreiningar.....	10
<b>2 Öryggisfyrirmæli</b> .....	<b>11</b>
2.1 Öryggisfyrirmæli.....	12
<b>3 Fyrirhuguð notkun</b> .....	<b>13</b>
3.1 Notendahópur.....	13
3.2 Frábendingar.....	13
3.3 Stjórnandi.....	13
<b>4 Endurnotkun</b> .....	<b>13</b>
<b>5 Lýsing á dýnum</b> .....	<b>14</b>
5.1 Rétt staða dýnu.....	15
5.2 Handföng fyrir flutning.....	17
<b>6 Tæknilýsing</b> .....	<b>18</b>
<b>7 Notkunar- og geymsluskilyrði</b> .....	<b>19</b>
<b>8 Afhending og mismunandi gerðir</b> .....	<b>20</b>
8.1 Afhending.....	20
8.2 Afhending.....	20
8.3 Gerðir.....	20
<b>9 Notkun dýnunnar</b> .....	<b>21</b>
9.1 Dýnan undirbúin fyrir notkun.....	21
9.2 Dýnunni snúið.....	21
<b>10 Aukabúnaður og varahlutir</b> .....	<b>22</b>
<b>11 Þrif og viðhald</b> .....	<b>23</b>
11.1 Almenn þrif.....	23
11.2 Skoðun dýnu.....	23
<b>12 Förgun</b> .....	<b>24</b>
12.1 Umhverfisvernd.....	24
12.2 Förgun.....	24
12.2.1 Innan Evrópu.....	24
12.2.2 Utan Evrópu.....	24
<b>13 Ábyrgð</b> .....	<b>25</b>
<b>14 Staðlar og reglugerðir</b> .....	<b>25</b>

## 1 Tákn og skilgreiningar

### 1.1 Viðvörðunartilkygningar

#### 1.1.1 Tegundir viðvörðunartilkygninga

Viðvörðunartilkygningar eru aðgreindar eftir tegund hættu og eftirfarandi lykilorðum:

- ▶ **VARÚÐ** varar við hættu á eignatjóni.
- ▶ **VIÐVÖRUN** varar við hættu á meiðslum.
- ▶ **HÆTTA** varar við hættu á meiðslum sem dregið geta til dauða.

#### 1.1.2 Uppsetning viðvörðunartilkygninga



**VIÐVÖRUNARORÐ!**  
Tegund og uppruni hættu!  
▶ Varúðarráðstafanir.

### 1.2 Leiðbeiningar

Uppsetning leiðbeininga:

- ▶ Framkvæmið þetta skref.  
Niðurstaða, ef þörf krefur.

### 1.3 Listar











Uppsetning áhersluatriða:










- 1. stigs listi
- 2. stigs listi
- 3. stigs listi

### 1.4 Tákn á umbúðum

	HALDIÐ ÞURRU (HLÍFIÐ VIÐ RAKA)
	ENDURVINNSLUTÁKN FYRIR LÁGÞÉTTNI PÓLYETÝLEN
	ENDURVINNSLUTÁKN

## 1.5 Tákni og merkimiðar á dýnunni


	<p>LESID NOTKUNARLEIÐBEININGARNAR</p>
	<p>MÁ EKKI STRAUJA</p>
	<p>EKKI NOTA HREINSIEFNI SEM INNIHALDA FENÓL</p>
	<p>VINDIÐ EKKI!</p>
	<p>SKOÐIÐ DÝNUHLÍFINA AÐ INNANVERÐU MEÐ REGLULEGU MILLIBILI MEÐ TILLITI TIL ÓHREININDA</p>
	<p>ÞVOIÐ Í ÞVOTTAVÉL VIÐ 71°C MEÐ ÞVOTTADUFTI</p>
	<p>ÞURRKIÐ Í ÞURRKARA Á LÁGUM HITA (HÁMARK 60 °C)</p>
	<p>SKOLIÐ MEÐ VOLGU VATNI OG HLUTLAUSU ÞVOTTAEFNI (HITASTIG VATNSINS MÁ EKKI FARA YFIR 50 °C Í BYRJUN)</p>
	<p>SÓTTHREINSIÐ MEÐ LAUSN SEM ER EKKI STERKARI EN 1.000PPM AF KLÓR (SJÁ KAFLANN „ÞRIF OG VIÐHALD“)</p>
	<p>SKOLIÐ MEÐ VOLGU VATNI</p>

 <p>BS 7175 RESISTANT</p>	<p>DÝNAN UPPFYLLIR ÁKVÆÐIN Í BS7177:2008 HVÆÐ VARÐAR MIÐLUNGSMIKLA HÆTTU</p>
	<p>EVROPSKT SAMRÆMISMERKI</p>
	<p>TÁKN TIL AÐ VELTA OG SNÚA DÝNUNNI (SJÁ KAFLANN „NOTKUN DÝUNNAR“)</p>
	<p>NOTIÐ EKKI BLEIKIEFNI</p>
	<p>ÞURRHREINSUN (MEÐALÖFLUG AÐFERÐ)</p>
	<p>FRAMLEIÐANDI</p>
	<p>LÆKNINGATÆKI (samrýmist reglugerð um lækningatæki)</p>
	<p>ALMENNT VIÐVÖRUNARMERKI </p>

## 1.6 Merkingar með raðnúmeri

Myndir af raðnúmeramerkingum hér að neðan eru aðeins ætlaðar til að skýra merki og reiti á raðnúmeramerkingum.

### 1.6.1 Merking með raðnúmeri dýnu



1	Heiti dýnu (eitt heiti fyrir ólíkar undirgerðir)
2	Tilvísunarnúmer sem fer eftir uppsetningunni.
3	Mál dýnu eftir undirgerð
4	Hámarksþyngd

Mynd Lýsing á raðnúmeri dýnunnar

**LINET**

EffectaCare 20  
**4PPB21100AS**  
200x86x14 cm



**150kg**  
MAX

**MD CE**

details of the approval:  
EUCZ3200D20D1IM00002  
fire reaction class: 1 IM  
[www.linnet.com](http://www.linnet.com)

Mynd Merking með raðnú-  
úmeri dýnu fyrir Effecta-  
Care 20

**LINET**

PrimaCare 20 B  
**4PPEB1100AS**  
200x100x16 cm



**300kg**  
MAX

**MD CE**

details of the approval:  
EUCZ3200D20D1IM00003  
fire reaction class: 1 IM  
[www.linnet.com](http://www.linnet.com)

Mynd Merking með raðnú-  
meri dýnu fyrir EffectaCa-  
re 20 B (Yfirþyngd)

**LINET**

EffectaCare 20 P  
**4PPLI1100AS**  
137x70x10 cm



**72kg**  
MAX

**MD CE**

details of the approval:  
EUCZ3200D20D1IM00002  
fire reaction class: 1 IM  
[www.linnet.com](http://www.linnet.com)

Mynd Merking með raðnú-  
meri dýnu fyrir EffectaCa-  
re 20 P (Börn)

**LINET**

PrimaCare 10  
**4PPD21100AS**  
200x86x14 cm



**200kg**  
MAX

**MD CE**

details of the approval:  
EUCZ3200D20D1IM00001  
fire reaction class: 1 IM  
[www.linnet.com](http://www.linnet.com)

Mynd Merking með raðnú-  
meri dýnu fyrir PrimaCare  
10

**LINET**

PrimaCare 20  
**4PPE21100AS**  
200x86x14 cm



**200kg**  
MAX

**MD CE**

details of the approval:  
EUCZ3200D20D1IM00003  
fire reaction class: 1 IM  
[www.linnet.com](http://www.linnet.com)

Mynd Merking með raðnú-  
meri dýnu fyrir PrimaCare  
20

**LINET**

PrimaCare 20 B  
**4PPEB1100AS**  
200x100x16 cm



**300kg**  
MAX

**MD CE**

details of the approval:  
EUCZ3200D20D1IM00003  
fire reaction class: 1 IM  
[www.linnet.com](http://www.linnet.com)

Mynd Merking með raðnú-  
meri dýnu fyrir PrimaCare  
20 B (Yfirþyngd)



**LINET**

CliniCare 10  
**4PPG21100AS**  
 200x86x14 cm



details of the approval:  
 EUCZ3200D20D1IM00004  
 fire reaction class: 1 IM  
[www.linet.com](http://www.linet.com)

*Mynd Merking með raðn-  
 úmeri dýnu fyrir CliniCare  
 10*

**LINET**

CliniCare 10 P  
**4PPKI1100AS**  
 137x70x10 cm



details of the approval:  
 EUCZ3200D20D1IM00004  
 fire reaction class: 1 IM  
[www.linet.com](http://www.linet.com)

*Mynd Merking með raðn-  
 úmeri dýnu fyrir CliniCare  
 10 P (Börn)*

**LINET**

CliniCare 20  
**4PPH21100AS**  
 200x86x14 cm



details of the approval:  
 EUCZ3200D20D1IM00006  
 fire reaction class: 1 IM  
[www.linet.com](http://www.linet.com)

*Mynd Merking með raðn-  
 úmeri dýnu fyrir CliniCare  
 20*

**LINET**

CliniCare 30  
**4PPJ21100AS**  
 200x86x14 cm



details of the approval:  
 EUCZ3200D20D1IM00005  
 fire reaction class: 1 IM  
[www.linet.com](http://www.linet.com)

*Mynd Merking með raðn-  
 úmeri dýnu fyrir CliniCare  
 30*

## 1.6.2 Þvottamerki dýnu

■ ■ wissner-  
 ■ ■ bosserhoff

**LINET**<sup>®</sup>

Members of LINET Group

LINET spol. s r.o., Želevčice 5, 274 01 Slaný  
 Made in Czech Republic | www.linet.cz

## 1.7 Skammstafanir

<b>B</b>	Yfirþyngd (dýna)
<b>CE</b>	Evrópsk samræmismerking
<b>CMHR</b>	Combustion Modified High Resilience (mikið eldþol)
<b>CPR</b>	Endurlífgun
<b>ICU</b>	Gjörgæsludeild
<b>IP</b>	Vörn gegn innferð
<b>IV</b>	Í bláæð
<b>MD</b>	Lækningatæki
<b>ME</b>	Rafmagnsbúnaður til lækninga
<b>P</b>	Börn (dýna)
<b>PCM</b>	Skiptiefni
<b>ppm</b>	milljónarhluti, milljónasti hluti (1000 ppm = 0,1%)
<b>REF</b>	Tilvísunarnúmer (vörutegund fer eftir uppsetningu)
<b>SN</b>	Raðnúmer
<b>SWL</b>	Örugg hámarksþyngd
<b>PU</b>	Pólýúretan
<b>LDPE</b>	Lágbéttni pólýetýlen

## 1.8 Skilgreiningar

<b>Hámarksþyngd sjúkling í rúmi með dýnu</b>	Hámarksþyngd sjúklings fer eftir notkunarumhverfi samkvæmt IEC 60601-2-52. Fyrir notkunarumhverfi 1 (gjörgæsludeild) og 2 (bráðadeild) skal minnka örugga hámarksþyngd um 65 kg. Fyrir notkunarumhverfi 3 (langtímaumönnun) og 5 (göngudeild) skal minnka örugga hámarksþyngd um 35 kg.
<b>Hámarksþyngd</b>	Hæsta leyfilega þyngd sem hvílir á dýnunni.
<b>Fullorðinn</b>	Sjúklingur sem er 146 cm á hæð eða hærri, 40 kg eða þyngri og með líkamsþyngdarstuðul (BMI) sem er 17 eða hærri (samkvæmt IEC 60601-2-52).
<b>Barn</b>	Sjúklingur sem er 155 cm á hæð eða lægri og 70 kg eða léttari.

## 2 Öryggisfyrirmæli



**VIÐVÖRUN!**

Þessar leiðbeiningar VERÐA að vera afhentar til notanda vörunnar ÁÐUR en varan er notuð. Vinsamlegast lesið og geymið þessar notkunarleiðbeiningar.



**VIÐVÖRUN!**

Ekki nota þessar vörur eða aukabúnað nema eftir að hafa lesið og skilið þessar notkunarleiðbeiningar og allar aðrar leiðbeiningar!



**VIÐVÖRUN!**

Tilkynna skal öll alvarleg atvik sem upp koma í tengslum við notkun búnaðarins til framleiðanda og lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem notandi og/eða sjúklingur er staðsettur!



**VIÐVÖRUN!**

Lækningatækið er ekki ætlað til notkunar í súrefnisauðguðu umhverfi!



**VIÐVÖRUN!**

Lækningatækið er ekki ætlað til notkunar með eldfimum efnum!



**VIÐVÖRUN!**

Þetta lækningatæki er ekki færanlegt rafmagnslækningatæki!



**VIÐVÖRUN!**

Takmörkuð meðhöndlun sjúklings leiðir til myndunar þrýstingssára!



**VIÐVÖRUN!**

Áður en sjúklingur byrjar að nota dýnu skal alltaf láta klínískt hæfan aðila framkvæma áhættumat til að tryggja að veittur stuðningur sé viðeigandi og að hann uppfylli viðeigandi staðbundin skilyrði!



**VIÐVÖRUN!**

Val á stuðningsdýnu verður að byggja á skráðum klínískum rökum, með þætti sjúklings í huga, t.d. hreyfigetu, hita, raka, þægindi o.s.frv.



**VIÐVÖRUN!**

Stuðningsdýnur eru hannaðar til að vinna með bestu verklagsferlum við umönnun, en koma ekki í staðinn fyrir þá, t.d. að snúa sjúklingnum reglulega.



**VIÐVÖRUN!**

Einungis þjáfaðir umönnunaraðilar með þekkingu á notkunarleiðbeiningunum mega seta upp dýurnar á samhæfanlega stoðgrind.

## 2.1 Öryggisfyrirmæli

- ▶ Þessar leiðbeiningar verður að lesa vandlega áður en dýnan er tekin í notkun og nauðsynlegt er að viðhalda henni samkvæmt notkunarleiðbeiningunum.
- ▶ Fylgið leiðbeiningunum vandlega.
- ▶ Ekki nota skemmda dýnu.
- ▶ Skoðið dýnuna daglega eða á milli sjúklinga ef hægt er.
- ▶ Notandinn verður að staðfesta ástand dýnunnar áður en sjúklingi er komið fyrir á henni.
- ▶ Dýnur með eina hlið má einungis nota með áprentuðu hliðina upp og athuga skal að miðja dýnunnar snúi rétt upp, ef þess þarf.
- ▶ Ekki má nota dýnuna ef bilanir koma í ljós sem gætu skaðað sjúklinginn eða skemmt dýnuna.
- ▶ Val á rétttri gerð af dýnu og notkun dýnunnar verða alltaf að fara fram í samráði við hæfan klínískan sérfræðing, sérstaklega ef um er að ræða áverka á höfði, mænu eða baki.
- ▶ Ekki má setja sjúkling á dýnu ef hann er með ábendingu um meiri hættu á legusárum en dýnan er hönnuð fyrir.
- ▶ Það er nauðsynlegt að fylgjast stöðug með ástandi sjúklingsins og húð hans og breyta legustöðu hans á dýnunni til að forðast hættu á álagi á þá líkamshluta sem eru með áverka.
- ▶ Ekki má leggja dýnuna á yfirborð ef hættu er á að dýnan gæti færst til eða ef beittir hlutir í rúminu eða aðrir beittir hlutir gætu rífið hlífðarlagið.
- ▶ Við notkun á dýnunni er nauðsynlegt að fylgjast með ástandi dýnukjarnans til að tryggja að hann sé ekki varanlega samfallinn, sem gæti dregið úr eiginleikum dýnunnar sem verja gegn legusárum.
- ▶ Langvarandi ljós á dýnuna gæti breytt litatón dýnukjarnans. Þessi breyting hefur engin áhrif á eiginleika hans. Pólýúretansvampar gætu verið í mismunandi litum. Það hefur engin áhrif á eiginleika dýnukjarnans.
- ▶ Hlífðarlakið yfir dýnunni gæti minnkað aðeins eða litur þess dofnað. Dýnan er samt sem áður nothæf svo lengi sem hlífðarlakið verður ekki of þröngt (þ.e. ef dýnan getur enn bognað undir léttum þrýstingi) og sýnir engin merki um skemmdir á efsta laginu.
- ▶ Dýnan er útbúin með PU-hlífðarlaki og ekki má setja annað vatnshelt hlífðarlak á hana því það stöðvar rakauppgufunina frá upprunalega hlífðarlakinu.
- ▶ Ekki setja rúmið í Trendelenburgar legu eða Anti-Trendelenburgar legu þegar höfðagafliinn og/eða fótagafliinn eru fjarlægðir, nema rúmbotninn sé útbúinn með festingu sem kemur í veg fyrir að dýnan renni upp eða niður þegar rúminu er hallað.
- ▶ Dýnan verður að vera sett á stoðgrind dýnu sem hentar samkvæmt stærðinni á bilunum á milli hluta stoðgrindarinnar, sem mega ekki vera stærri en 4 cm.
- ▶ Dýnan verður að virða öryggishæð á hliðargrindum í jafngildu sjúkrarúmi.
- ▶ Ef stoðgrind dýnunnar er ekki með eiginleika til að veita lofti til eða frá undirhlið dýnunnar þarf að lyfta dýnunni reglulega og leyfa undirhliðinni að þorna/anda fyrir frekari notkun. Það kemur í veg fyrir rakaskemmdir á undirhliðinni og lengir líftíma dýnunnar.
- ▶ Dýna sem er stöðugt undir álagi hefur styttri líftíma.

## 3 Fyrirhuguð notkun

Fyrirhuguð notkun á EffectaCare 20, EffectaCare 20 B, EffectaCare 20 P, PrimaCare 10, PrimaCare 20, PrimaCare 20 B, CliniCare 10, CliniCare 10 P, CliniCare 20 og CliniCare 30 dýnum er að hjálpa við að koma í veg fyrir legusár.

EffectaCare 20, EffectaCare 20 B og EffectaCare 20 P dýnur eru ætlaðar fyrir sjúklinga sem eru í ekki meiri en miðlungsmikilli hættu á myndun legusára af völdum þrýstings.

PrimaCare 10, PrimaCare 20 og PrimaCare 20 B dýnur eru ætlaðar fyrir sjúklinga sem eru í ekki meiri en mikilli hættu á myndun legusára af völdum þrýstings.

CliniCare 10, CliniCare 10 P, CliniCare 20 og CliniCare 30 dýnur eru ætlaðar fyrir sjúklinga sem eru í ekki meiri en mjög mikilli hættu á myndun legusára af völdum þrýstings.

### 3.1 Notendahópur

- ▶ (Staðlaður - **enginn kóði**) - Fullorðnir sjúklingar (þyngd  $\geq 40$  kg, hæð  $\geq 146$  cm, BMI  $\geq 17$ )
- ▶ (Börn - **kóði P**) - Börn frá 3ja ára aldri (10 kg  $\leq$  þyngd sjúklings  $\leq$  75kg)
- ▶ (Yfirþyngd- **kóði B**) - Sjúklingar í yfirþyngd (þyngd sjúklings  $\leq$  250kg)
- ▶ Umönnunaraðilar (hjúkrunarfræðingar, læknar, tæknimenn, starfsfólk sem sinnir flutningum, starfsfólk sem sér um þrif)

### 3.2 Frábendingar

Sjúklingar í meiri áhættu fyrir að fá legusár sem samræmist ekki hönnun dýnunnar

- ▶ sjúklingar sem eru þyngri en þyngdartakmarkanir dýnunnar gefa til kynna
- ▶ Flytja skal sjúklinga með vísbendingar um vefjaskemmdir í tengslum við þrýstingssár yfir á annað stuðningsyfirborð með hliðsjón af hættumati, klínískum rökstuðningi og bestu starfsvenjum (leiðbeiningarreglur EPUAP, NPUAP)
- ▶ Takmörkuð meðhöndlun sjúklings leiðir til myndunar þrýstingssára!

### 3.3 Stjórnandi

- ▶ Umönnunaraðili

## 4 Endurnotkun

Þessa vöru má nota endurtekið. Áður en varan er notuð aftur verður að þrifa hana samkvæmt leiðbeiningunum um þrif og viðhald sem má finna í þessum notkunarleiðbeiningum.

## 5 Lýsing á dýnum

Þessar dýnur eru ætlaðar til notkunar með stoðgrind dýnu af viðeigandi stærð og sem hluti af umönnunaráætlun til að koma í veg fyrir legusár. Þessar dýnur eru ekki hannaðar fyrir neina aðra notkun og öll slík notkun ógildir ábyrgð framleiðanda. Þessar dýnur hafa verið hannaðar til að veita jafna þrýstingsdreifingu þegar þær eru notaðar samkvæmt notkunarleiðbeiningunum.

Eiginleikar dýnu	Gerð dýnu			
	EffectaCare 20	EffectaCare 20 B (Yfirþyngd)	EffectaCare 20 P (Börn)	PrimaCare 10
Afar þolinn svampur í grunninn	✓	✓	✓	✓
Stuðningshliðar				
Efra lag úr afar þolnum svampi				
Efra lag úr teygjanlegum svampi (minnisdýna)				
Efsta lag úr PCM				
Vélarskurður	✓	✓	✓	✓
Einhliða	✓	✓	✓	✓
Má einungis snúa	✓	✓	✓	✓
Bræddir saumar	✓	✓	✓	✓
180° gráðu rennilás	✓	✓	✓	✓
Hámarksþyngd	150kg	300kg	72kg	200kg

Eiginleikar dýnu	Gerð dýnu					
	PrimaCare 20	PrimaCare 20 B (Yfirþyngd)	CliniCare 10	CliniCare 10 P (Börn)	CliniCare 20	CliniCare 30
Afar þolinn svampur í grunninn	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Stuðningshliðar			✓		✓	✓
Efra lag úr afar þolnum svampi	✓	✓				
Efra lag úr teygjanlegum svampi (minnisdýna)			✓	✓	✓	✓
Efsta lag úr PCM						✓
Vélarskurður	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Einhliða	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Má einungis snúa	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Bræddir saumar	✓	✓	✓	✓	✓	✓
180° gráðu rennilás	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Hámarksþyngd	200kg	300kg	200kg	72kg	230kg	230kg

**5.1 Rétt staða dýnu**

**EFRI HLIÐ**



**NEÐRI HLIÐ**

*Mynd EffectaCare 20 (séð frá hlið)*

**EFRI HLIÐ**



**NEÐRI HLIÐ**

*Mynd EffectaCare 20B (séð frá hlið)*

**EFRI HLIÐ**



**NEÐRI HLIÐ**

*Mynd EffectaCare 20P (séð frá hlið)*


**EFRI HLIÐ**



**NEÐRI HLIÐ**

*Mynd PrimaCare 10 (séð frá hlið)*


## EFRI HLIÐ



## NEÐRI HLIÐ

*Mynd PrimaCare 20 (séð frá hlið)*


## EFRI HLIÐ



## NEÐRI HLIÐ

*Mynd PrimaCare 20 B (séð frá hlið)*


## EFRI HLIÐ



## NEÐRI HLIÐ

*Mynd CliniCare 10 (séð frá hlið)*


## EFRI HLIÐ



## NEÐRI HLIÐ

*Mynd CliniCare 10 P (séð frá hlið)*

## EFRI HLIÐ




## NEÐRI HLIÐ

*Mynd CliniCare 20 (séð frá hlið)*



**EFRI HLIÐ**



**NEDRI HLIÐ**

Mynd CliniCare 30 (séð frá hlið)

**5.2 Handföng fyrir flutning**



**VIÐVÖRUN!**

**Hætta á skemmdum og meiðslum ef varan er notuð með röngum hætti.**

- ▶ Flytjið dýnuna án sjúklings með því að nota handföng fyrir flutning!

Handföng fyrir flutning eru ætluð til að flytja PrimaCare 20, PrimaCare 20 B, CliniCare 10, CliniCare 10 P, CliniCare 20 og CliniCare 30 dýnur.



Mynd Handföng fyrir flutning á yfirlaki

## 6 Tæknilýsing



### VIÐVÖRUN!

Ef þessar dýnur eru notaðar með samhfæfanlegu sjúkrarúmi verður að virða vélrænar lýsingar til að valda hvorki skemmdum á dýnunni né sjúkrarúminu!

	EffectaCare úrval		
	EffectaCare 20	EffectaCare 20 B (Yfirþyngd)	EffectaCare 20 P (Börn)
Gerð dýnu	Vörn gegn legusárum	Vörn gegn legusárum	Vörn gegn legusárum
Efni í svampi	Pólýúretansvampur	Pólýúretansvampur	Pólýúretansvampur
Efni í laki Styrktarlag Efsta lag	100% pólýester 100% pólýúretan		
Hlíf	Vatnspolin og hleypir út raka Sjá kafla um þrif og viðhald fyrir frekari upplýsingar		
Þyngd dýnu	8 kg	15 kg	3,5 kg
Hæð dýnu	14 cm	16 cm	10 cm
Hætta á myndun legusára af völdum þrýstings	Miðlungsmikil hætta*	Miðlungsmikil hætta*	Miðlungsmikil hætta*
Ábyrgð	1 ár**	1 ár**	1 ár**
Mesta stöflun	15 dýnur	15 dýnur	25 dýnur

\*Ábending um notkun byggir á þrýstingsmælingum á yfirborðið – ekki forskriftarviðmiðum. Ráðfærið ykkur ávallt við lækni.

\*\*Í samræmi við viðeigandi áætlun til að snúa sjúklingi og breyta legustöðu hans, og með réttum leiðbeiningum um notkun og þrif (sjá kaflann Þrif og viðhald)

	PrimaCare úrval		
	PrimaCare 10	PrimaCare 20	PrimaCare 20 B (Yfirþyngd)
Gerð dýnu	Vörn gegn legusárum	Vörn gegn legusárum	Vörn gegn legusárum
Efni í svampi	Pólýúretansvampur	Pólýúretansvampur	Pólýúretansvampur
Efni í laki Styrktarlag Efsta lag	100% pólýester 100% pólýúretan		
Hlíf	Vatnspolin og hleypir út raka Sjá kafla um þrif og viðhald fyrir frekari upplýsingar		
Þyngd dýnu	10 kg	11 kg	14 kg
Hæð dýnu	14cm	14cm	16cm
Hætta á myndun legusára af völdum þrýstings	Mikil hætta*	Mikil hætta*	Mikil hætta*
Ábyrgð	2 ár**	2 ár**	2 ár**
Mesta stöflun	15 dýnur	15 dýnur	15 dýnur

\*Ábending um notkun byggir á þrýstingsmælingum á yfirborðið – ekki forskriftarviðmiðum. Ráðfærið ykkur ávallt við lækni.

\*\*Í samræmi við viðeigandi áætlun til að snúa sjúklingi og breyta legustöðu hans, og með réttum leiðbeiningum um notkun og þrif (sjá kaflann Þrif og viðhald)

	CliniCare úrval			
	CliniCare 10	CliniCare 10 P (Börn)	CliniCare 20	CliniCare 30
<b>Gerð dýnu</b>	Vörn gegn legusárum	Vörn gegn legusárum	Vörn gegn legusárum	Vörn gegn legusárum
<b>Efni í svampi</b>	Pólýúretan svampur, teygjanlegur svampur	Pólýúretan svampur, teygjanlegur svampur	Pólýúretan svampur, teygjanlegur svampur	Pólýúretan svampur, teygjanlegur svampur, PCM lag
<b>Efni í laki</b> Styrktarlag Efsta lag	100% pólýester 100% pólýúretan			
<b>Hlíf</b>	Vatnspolin og hleypir út raka Sjá kafla um þrif og viðhald fyrir frekari upplýsingar			
<b>Þyngd dýnu</b>	13 kg	6 kg	16 kg	13 kg
<b>Hæð dýnu</b>	14 cm	10 cm	14 cm	14 cm
<b>Hætta á myndun legusára af völdum þrýstings</b>	Mjög mikil hætta*	Mjög mikil hætta*	Mjög mikil hætta*	Mjög mikil hætta*
<b>Ábyrgð</b>	2 ár**	2 ár**	2 ár**	2 ár**
<b>Mesta stöflun</b>	15 dýnur	25 dýnur	15 dýnur	15 dýnur

\*Ábending um notkun byggir á þrýstingsmælingum á yfirborðið – ekki forskriftarviðmiðum. Ráðfærið ykkur ávallt við lækni.

\*\*Í samræmi við viðeigandi áætlun til að snúa sjúklingi og breyta legustöðu hans, og með réttum leiðbeiningum um notkun og þrif (sjá kaflann Þrif og viðhald)

## 7 Notkunar- og geymsluskiyrði

Farið eftir þáttunum sem varða umhverfisaðstæður í kaflanum um tæknilýsingar þegar varan er notuð og geymd.

EffectaCare 20, EffectaCare 20 B, EffectaCare 20 P, PrimaCare 10, PrimaCare 20, PrimaCare 20 B, CliniCare 10, CliniCare 10 P, CliniCare 20 og CliniCare 30 dýnur henta ekki fyrir notkun í umhverfi innandyrna þar sem eldfimar lofttegundir eru til staðar (fyrir utan súrefniskúta).

EffectaCare 20, EffectaCare 20 B, EffectaCare 20 P, PrimaCare 10, PrimaCare 20, PrimaCare 20 B, CliniCare 10, CliniCare 10 P, CliniCare 20 og CliniCare 30 dýnur henta fyrir stöðuga notkun.

**Þegar dýnan er ekki í notkun:**

- ▶ Geymið dýnuna flata.
- ▶ Ekki brjóta dýnuna saman
- ▶ Ekki setja þunga hluti ofan á dýnuna þegar hún er ekki í notkun
- ▶ Gætið þess að beittir hlutir gati ekki hlífðarlakið
- ▶ Haldið dýnunni hreinni
- ▶ Skoðið dýnuna reglulega að utan
- ▶ Ekki geyma dýnuna á rökum stað
- ▶ Þegar dýnan er tekin úr umbúðum verður alltaf að gæta þess að hlífðarlakið sé ekki skemmt

## 8 Afhending og mismunandi gerðir

### 8.1 Afhending

- ▶ Við móttöku skal ganga úr skugga um að sendingin sé rétt og hafi verið afhent að fullu eins og tilgreint er á afhendingarseðli.
- ▶ Látið flutningafyrirtækið og birgja umsvifalaust vita um alla galla eða skemmdir, bæði munnlega og skriflega, eða skrifið athugasemdir á afhendingarseðlinn.

### 8.2 Afhending

- Dýna
- Notkunarleiðbeiningar

### 8.3 Gerðir

- EffectaCare 20
- EffectaCare 20 B
- EffectaCare 20 P
- PrimaCare 10
- PrimaCare 20
- PrimaCare 20 B (Yfirþyngd)
- CliniCare 10
- CliniCare 10 P (Börn)
- CliniCare 20
- CliniCare 30

## 9 Notkun dýnunnar



**HÆTTA!**

**Köfnunarhætta vegna dýnuhlífar sem hleypir ekki lofti gegnum sig!**

- ▶ Notið dýnuhlíf með réttum hætti.
- ▶ Hjúkrunarfólk ber ábyrgð á öryggi sjúklinga á dýnuhlífinni.



**VIÐVÖRUN!**

**Gætið alltaf að lögun og máli stoðgrindar dýnunnar sem dýnan á að fara á.**



**VIÐVÖRUN!**

**Gætið þess að yfirborð rúmsins sé laust við alla aðskotahluti áður en dýnan er sett á það. Aðskotahlutir gætu skemmt efnið utan á dýnunni.**



**VIÐVÖRUN!**

**Athugið hvort hliðin á dýnunnar er sú efri og hvor er sú neðri áður en hlífðarlakið er sett aftur á dýnusvampinn!**



**VIÐVÖRUN!**

**Aldrei meðhöndla dýnuna með því að taka um saumana á henni. Það gæti skemmt hlífðarlakið og valdið hættu á að vökvar komist inn í dýnuna!**



**VARÚÐ!**

**Efnislegar skemmdir vegna raka eða mengunar!**

- ▶ Gangið úr skugga um að dýnuhlífin hafi verið hreinsuð og hafi þornað að fullu.

### 9.1 Dýnan undirbúin fyrir notkun


- ▶ Gangið úr skugga um að allar umbúðir hafi verið fjarlægðar áður en dýnan er tekin í notkun.
- ▶ Látið dýnuna liggja flata á rúmbotninum
- ▶ Ef dýnan er upprúlluð skal leggja hana flata niður og bíða í að minnsta kosti eina klukkustund eftir að dýnan nái aftur upp-runalegri lögun sinni.
- ▶ Gangið úr skugga um að dýnan sé þurr áður en hún er tekin í notkun.

### 9.2 Dýnunni snúið


LINET PrimaCare og CliniCare vörurnar sem eru tilgreindar í þessum leiðbeiningum eru einhliða. Einhliða dýnur eru með tölustafina 1 og 2 á efri hliðinni og þeim má bara snúa, ekki velta við (sjá skýringarmynd).

Þegar skipt er um hlífðarlak á einhliða dýnu verður að gæta þess að flipinn yfir rennilásnum sé rétt staðsettur yfir honum til að engir vökvar komist inn.

Ráðlagt er að snúa oft dýnum sem ekki má velta við því allir svampar leggjast saman við notkun og með því að snúa dýnunni er hægt að tryggja að þyngdinni sé jafnt dreift á báða enda dýnunnar. Ráðlagt er að snúa/velta dýnunni einu sinni í mánuði. Þegar dýnu er snúið skal alltaf taka um hana frá neðri hliðinni. Aldrei meðhöndla dýnuna með því að taka um saumana á henni. Það gæti skemmt hlífðarlakið og aukið hættu á að vökvar komist inn í gegnum rennilásinn.




Mynd Dýnu snúið og tákn á henni



1. Hlífðarlak á efri hlið
2. Hlífðarlak á neðri hlið

Mynd Rétt staðsetning á flípanum á efri hlið



Mynd Meðhöndlun dýnnar

## 10 Aukabúnaður og varahlutir

### Framlengingar, svampar og hlífðarlök

Til er úrval af dýnuframlengingum þegar þess þarf. Hentugleiki framlengingar fer eftir notkun og gerð dýnnar. Hægt er að fá þrjár gerðir af framlengingum:

- Stöðluð (CMHR svamplög)
- Þægindi (CMHR grunnur með minnsdýnu ofan á)
- Yfirþyngd (CMHR svamplög með mikla endingu)

Hægt er að fá nýja svampa og hlífðarlök þegar þess þarf. Hafðu samband við LINET-dreifingaraðila til að fá frekari upplýsingar um þessar vörur.

## 11 Þrif og viðhald



### VIÐVÖRUN!

Hlífðarlakið er meðhöndlað með eiturefni gegn örverum og sveppum. Bakteríudrepandi efnið dregur úr bakteríumyndun. Virka eiturefnið er zink píripíón.



### VIÐVÖRUN!

Eftirfarandi leiðbeiningar gilda eingöngu fyrir þrif og viðhald á hlífðarlakinu. Ekki má sótthreinsa eða þvo dýnusvampinn því það hefur áhrif á eiginleika dýnunnar.



### VIÐVÖRUN!

Ráðlagt er að þrifa þessa vöru einungis með vatni og sápu. Hreinsiefni sem innihalda alkóhól, leysiefni, bleikiefni eða rispandi efni geta skemmt vöruna.

### 11.1 Almenn þrif

Fyrir almenn þrif og minniháttar óhreinindi skal nota einnota þurrku með blöndu af volgu vatni og hlutlausu hreinsiefni. Ekki nota hreinsiefni sem rispa eða sem innihalda fenól. Þrif með venjulegu vatni og sápu ásamt skolun með vatni nægja til að þrifa þessa vöru. Leysandi efni sem innihalda alkóhól, bleikiefni eða rispandi vörur geta verið hættuleg. Framleiðandi getur útvegað lista yfir hreinsiefni og sótthreinsiefni sem hafa verið prófuð á dýnunum.

Til að sótthreinsa á staðnum skal nota 0,1% natríumhýpóklórítlausn (1.000ppm klór). Ef þess þarf má bera á 1% klórlausn (10,000ppm) og kalt vatn í mesta lagi í 2 mínútur. Skolið hlífðarlagið vandlega með hreinu vatni og látið þorna fyrir næstu notkun eða geymslu.

Óhrein hlífðarlök sem má fjarlægja skal þvo við 71°C í ekki styttri tíma en 10 mínútur eða við 95°C hita í ekki styttri tíma en 3 mínútur. Má vinda og þurrka í þurrkara við 60°C að hámarki. Má ekki pressa eða strauja.

### 11.2 Skoðun dýnu

1. Athugaðu hvort merki um rifur og/eða göt finnist á dýnunni
2. Athugaðu hvort saumar séu farnir að slitna í sundur
3. Athugaðu hvort einhverjar skemmdir sjáist á rennilás(um)
4. Athugaðu hvort varanlegir blettir séu til staðar

## 12 Förgun

### 12.1 Umhverfisvernd

Fyrirtækið LINET® gerir sér grein fyrir mikilvægi umhverfisverndar fyrir komandi kynslóðir. Innan þessa fyrirtækis er umhverfisstjórnunarkerfinu framfylgt í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 14001. Fyrirtæki með tilskildar heimildir framkvæmir sjálfstæða, árlega úttekt til að tryggja að skilyrði þessa staðals séu uppfyllt. Efni sem notuð eru í þessari vöru eru ekki hættuleg umhverfinu. Vörur frá LINET® uppfylla kröfur gildandi löggjafar og Evrópulöggjafar hvað varðar **takmarkanir hættulegra efna (RoHS)** og **REACH**, og innihalda því ekki óleyfileg efni í miklu magni. Engir viðarhlutir eru gerðir úr hitabeltisvið (svo sem mahóní, rósavið, íbenholtí, tekk o.s.frv.) eða úr timbri frá Amazon-svæðinu eða slíkum regnskógum. Umbúðaeefni er í samræmi við ákvæði laga um umbúðir (**Zákon o obalech**). Hafið samband við sölufulltrúa eða þjónustuver framleiðanda eftir uppsetningu búnaðar til að fá upplýsingar um förgun umbúðaeefna og möguleikann á ókeypis endursendingu umbúða með viðurkenndu fyrirtæki (frekari upplýsingar er að finna á **www.linnet.cz**).

### 12.2 Förgun

#### 12.2.1 Innan Evrópu

Förgun dýnunnar:

- ▶ Tryggið að dýnan sé fullkomlega afmenguð fyrir förgun.
- ▶ Óheimilt er að farga búnaðinum með heimilissorpi.
- ▶ Fargið þessum búnaði á móttökustöðvum eða endurvinnslustöðvum.

LINET® er í samstarfi við móttökufyrirtækið REMA System (sjá **www.remasystem.cz/sberna-mista/**).

Með því að skila raf- og rafeindabúnaði á endurvinnslustöðvar getur þú tekið þátt í endurvinnslu og bjargað upprunalegu hráefni á meðan þú verð umhverfi þitt fyrir áhrifum óábygrar förgunar.

#### 12.2.2 Utan Evrópu

Förgun dýnunnar:

- ▶ Tryggið að dýnan sé fullkomlega afmenguð fyrir förgun.
- ▶ Fargið vörunni og íhlutum hennar samkvæmt gildandi lögum og reglum!
- ▶ Fáíð viðurkennt sorphirðufyrirtæki til að farga búnaðinum!



## 13 Ábyrgð

EffectaCare, PrimaCare og Clinicare dýnurnar bera ábyrgð sem gildir fyrir galla í framleiðslu og efnislega galla. Ábyrgðartíminn fyrir hverja tegund dýnu er gefinn upp í kaflanum „Tæknilýsing“.

Slit og skemmdir af völdum venjulegrar notkunar falla ekki undir ábyrgðina.

Allar ábyrgðir eru háðar skilmálum LINET og viðskiptaaðstæðum.

Til að leggja fram ábyrgðarkröfu verður að vísa til lotunúmersins sem er prentað á vörumerkinguna. Aldrei má fjarlægja merkinguna.

Ef galli eða bilun kemur í ljós verður að tilkynna það strax til LINET-fulltrúans sem varan var fengin frá. Ef um er að ræða mögulega alvarlegt/og eða lífshættulegt tilfalli skal tilkynna það til eftirlitsaðila á staðnum.

## 14 Staðlar og reglugerðir

Hagnýtar reglur er að finna í samræmisýfirlýsingu.

Framleiðandinn fylgir vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem samrýmist eftirfarandi stöðlum:

- ISO 9001
- ISO 14001
- ISO 13485
- MDSAP (áætlun um staka öryggisúttekt lækningatækja)

Allar LINET EffectaCare, PrimaCare og CliniCare dýnur teljast sem lækningatæki og bera þar af leiðandi CE merkinguna í samræmi við reglugerð ESB 2017/745/EU um lækningatæki.

Framleiðandinn leitast við að bæta ábyrga umönnun og vinnur stöðugt að því að auka við umhverfis-, heilbrigðis-, og öryggisþekkingu og bæta frammistöðu tækni, ferla og vara yfir líftíma þeirra. Þar af leiðandi eru eingöngu efni og íhlutir notuð sem eru í samræmi við REACH reglugerðina.

Svampurinn og hlífðarlökin eru notuð við framleiðslu á LINET EffectaCare, PrimaCare CliniCare dýnum eru sjálfstætt prófuð og vottuð í samræmi við EN597-1 og EN597-2 (mat á eldfimi fyrir dýnur og bólstraða rúmbotna – kveikjuvaldur: jafngildi logandi sígarettu (1) og eldspýtuloga (2)).

Hver vara er prófuð sjálfstætt sem samsett efni í samræmi við BS7117 kveikjuvalda 0,1 og vögg 5

Hafðu samband við LINET-fulltrúa þinn til að fá frekari upplýsingar um staðla og reglugerðir.